

Fjölmennt á Akureyri Úttekt

Trausti Þorsteinsson
Guðmundur Engilbertsson

Maí 2008

Fjölmennt á Akureyri
Úttekt

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður.....	3
1. Inngangur.....	5
2. Gögn og aðferðir.....	6
2.1. Markmið.....	6
2.2. Aðferðir.....	6
3. Fjölmennt – Fullorðinsfræðsla fatlaðra.....	7
3.1. Símenntun.....	8
3.2. Akureyri tilraunasveitarfélag.....	10
3.3. Fjölmennt á Akureyri.....	11
4. Niðurstöður úttektar.....	12
4.1. Starfsemi Fjölmenntar á Akureyri.....	12
4.2. Aðsókn að námskeiðum.....	14
4.3. Þörf nýrra áherslna.....	16
5. Samantekt og tillögur.....	18
6. Heimildir.....	20

Helstu niðurstöður

- Meginstyrkleikar starfsdeildar Fjölmenntar á Akureyri liggja í jákvæðu viðhorfi til stofnunarinnar frá þeim sem þiggja þjónustu hennar og hinu ytra samfélagi svo og jákvæðu samstarfi við aðrar stofnanir sem vinna að málefnum fatlaðra. Stærð samfélagsins á Akureyri og margbreytni er einnig ótvíræður styrkleiki
- Að mati viðmælenda er mikil þekking á málefnum fatlaðra á starfssvæði Akureyrardeildar Fjölmenntar og mannauður til að veita góða, fjölbreytta og heildstæða þjónustu. Í starfsfólki deildarinnar býr mikil reynsla og þekking sem mikilvægt er að nýtt sé á sem hagfelldastan hátt fyrir markhóp stofnunarinnar.
- Fjölmennt á Akureyri hefur ekki aðlagð starfsemi sína nægilega að stefnu og skipulagsskrá Fjölmenntar. Starfsdeildin ber frekar svipmót hefðbundinnar skólastofnunar en símenntunarstofnunar. Meginþungi starfseminnar er frá morgni fram á dag, frá því seint í ágúst og fram í maí, og kennslutíma á námskeiðum er deilt á heilt skólaár.
- Gagnrýnt er hversu hátt hlutfall starfsmanna er á fastráðningarsamningum við stofnunina. Jafnframt er það talið óheppilegt að ráðningarsamningar séu gerðir á grundvelli kjarasamninga Kennarasambands Íslands en þeir draga úr sveigjanleika og falla illa að starfsemi símenntunarstofnunar.
- Aðsókn að námskeiðum í boði Fjölmenntar á Akureyri hefur minnkað um 25% á árabílinu 2003–2007. Að einhverju leyti má skýra það með aukinni atvinnuþátttöku markhóps Fjölmenntar og einnig fleiri tækifærum utan Fjölmenntar til símenntunar. Það má auk þess rekja ýmsar ástæður dvínandi aðsóknar til þátta sem mögulegt er fyrir stofnunina að bæta. Taka þarf kynningarmál til endurskoðunar, gera námskeiðstilboðin fjölbreyttari með ýmsum hætti og enn fremur að ná betur til yngra fólks í markhópi þjónustunnar, annars vegar með því að greina þarfir og hins vegar veita þjónustuþegum góða ráðgjöf varðandi símenntunartilboð.
- Ákveðin stöðnun ríkir í námsframboði Fjölmenntar á Akureyri. Sömu námskeiðin eða svipuð eru í boði ár eftir ár og sömu nemendur vinna með svipuð viðfangsefni ár eftir ár. Ekki hafa verið gerðar tilraunir með samstarf við aðrar menntastofnanir um námskeiðahald líkt og vilji er til í stefnumörkun stjórnar Fjölmenntar.
- Mikilvægt er að framboð námskeiða í starfsdeild Fjölmenntar á Akureyri sé fjölbreytt að inntaki og formi og taki mið af ólíkum þörfum og aðstæðum þeirra sem þangað vilja leita eftir fræðslu.
- Koma þarf á skýrari reglum um samskipti innan Fjölmenntar varðandi fjármálalega umsýslu og afmarka skarpar stöðu deildarstjóra m.t.t. reksturs og faglegrar forystu.
- Til álíta kemur að fella starfsemi starfsdeildar Fjölmenntar á Akureyri að starfsemi Símenntunarstofnunar Eyjafjarðar (SÍMEY) á þann máta að SÍMEY taki að sér að annast námskeiðahald fyrir hönd Fjölmenntar. Tilgangur og markmið stofnananna beggja eiga margt sammerkt. Ríkjandi hugmyndafræði um að laga samfélagið og stofnanir þess að þörfum allra styður þá hugmynd mjög vel. Ef hlutverk og

starfssvið starfsdeildarinnar er vel skilgreint í samningum við SÍMEY er ekki annað að sjá en að það ætti að tryggja starfsemi bæði fjárhagslegt og faglegt öryggi.

1. Inngangur

Úttekt þessi er gerð að ósk stjórnar Fjölmenntar. Megintilgangur hennar er að meta hvernig Fjölmennt á Akureyri hefur tekist að mæta þörfum markhóps á Akureyri fyrir símenntunartilboð og hvort stofnunin uppfylli þær þarfir sem eru á starfssvæðinu fyrir símenntun. Þá er markmiðið að reyna að greina styrkleika og veikleika í starfsemi deildarinnar á Akureyri og gera tillögur til úrbóta.

Fjölmennt starfar sem símenntunarmiðstöð fyrir fatlað fólk frá 20 ára aldri. Um 550–570 einstaklingar stunda nám á hverri önn á einstökum námskeiðum í þremur starfsdeildum. Þar af eru rúmlega 400 þátttakendur í Reykjavík, um 70 á Akureyri og rúmlega 60 á Selfossi. Auk þess hafa þátttakendur í námskeiðum Fjölmenntar í Reykjavík stundað nám við aðrar símenntunarmiðstöðvar með stuðningi frá Fjölmennt. Fjölmennt í Reykjavík starfrækir einnig námstilboð fyrir fólk með geðraskanir og hafa um 60 einstaklingar nýtt sér það. Alls eru um 45 kennarar við störf við stofnunina í tæplega 35 stöðugildum.

Hjá Fjölmennt í Reykjavík hefur ekki verið hægt að koma til móts við allar umsóknir. Milli 20 og 30 einstaklingar hafa ekki komist á umbeðin námskeið á hverri önn. Fjölmennt í Reykjavík hefur brugðist við aukningu umsókna með því að skerða það námstilboð sem hver einstaklingur fær. Nú er svo komið að rúmlega 60% þátttakenda fá einungis eitt námskeið. Hvert námskeið er á bilinu 1–4 kennslustundir á viku. Raunveruleikinn er annar á Akureyri. Aðsókn að námskeiðum deildarinnar hefur farið dvinandi á síðastliðnum árum og hefur stjórn Fjölmenntar haft af því nokkrar áhyggjur. Þar virðist námstilboðið anna eftirspurn og margir þátttakenda hafa verið árum saman hjá Fjölmennt og Fullorðinsfræðslu fatlaðra fyrir tíð Fjölmenntar. Jafnframt er ljóst að yngra fólkið, það sem útskrifast úr starfsbraut VMA, sækir ekki námskeið hjá Fjölmennt nema í undantekningartilfellum. Sú útskýring hefur verið gefin að atvinnumál ungs fatlaðs fólks séu í góðum farvegi á Akureyri og flestir nemendur starfsbrautar sem útskrifast úr VMA fái fulla atvinnu að námi loknu. Þeir sækja þar af leiðandi ekki námskeið til Fjölmenntar. Meðalaldur þátttakenda á námskeiðum Fjölmenntar á Akureyri hefur verið mun hærri en á hinum starfsstöðvunum tveim. Á margan hátt hefur námstilboðið ekki tekið miklum breytingum undanfarin ár og ekki hefur náðst að gera tilraunir með samstarf við aðrar menntastofnanir á sama hátt og vilji er til í stefnumörkun stjórnar Fjölmenntar.

Í ljósi þessa ákvað stjórn Fjölmenntar að láta fara fram úttekt á starfsemi starfsdeildar sinnar á Akureyri. Úttektin var gerð á vegum Skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri en að henni unnu Trausti Þorsteinsson forstöðumaður og Guðmundur Engilbertsson sérfræðingur.

Þess er vænst að niðurstöður geti orðið gagnleg leiðsögn fyrir stjórnendur við þróun símenntunar fyrir fatlaða á Akureyri.

2. Gögn og aðferðir

Í meginatriðum er úttektin byggð á eigindlegum aðferðum. Gagna var aflað með viðtölum og vettvangsathugunum ásamt því sem rýnt var í rituð gögn og tölulegar upplýsingar frá Fjölmennt, s.s. námskrá og námsframboð, sjálfsmatsskýrslur, þjónustusamning, fundargerðir stjórnar, ársskýrslur, upplýsingar um þátttöku á námskeið og stærð markhóps Fjölmenntar á Akureyri. Vettvangsathugun var beitt til að kynnast starfsemi og þeim staðblæ sem innan stofnunarinnar ríkir.

2.1. Markmið

Meginmarkmið úttektarinnar er:

1. Að leggja mat á starfsemi Fjölmenntar á Akureyri og meta að hve miklu leyti stofnunin uppfyllir stefnumið sín.
2. Leita svara við því hver þörfin er á starfssvæðinu fyrir símenntunartilboð fyrir fatlaða og hvernig stofnunin uppfyllir þær þarfir.
3. Að leita svara við slakari aðsókn að námskeiðum Fjölmenntar á Akureyri en á öðrum starfssvæðum og hvort þörf sé á að skilgreina símenntun fatlaðra með öðrum hætti en ófatlaðra.

2.2. Aðferðir

Mikilvægt er að kalla eftir upplýsingum og staðreyndum en ekki síður mikilvægt að greina mismunandi viðhorf og skoðanir fólks til starfsemi Fjölmenntar. Gagna var aflað með viðtölum og vettvangsathugunum og einnig var rýnt í rituð gögn og tölulegar upplýsingar frá Fjölmennt.

Viðtöl sem gagnaöflunaraðferð henta vel þegar upplýsinga er aflað frá einstaklingum eða hópum og eiga mjög vel við þegar leitað er eftir mismunandi viðhorfum og þekkingu sem hefur t.d. skapast af ólíkri reynslu fólks af aðstæðum.¹

Viðtöl voru tekin við framkvæmdastjóra Fjölmenntar, deildarstjóra Fjölmenntar á Akureyri, deildarstjóra búsetudeildar Akureyrarbæjar og formann Þroskahjálpar á Norðurlandi eystra. Stofnaðir voru þrjár rýnihópar (focus groups) til að ræða um þjónustu Fjölmenntar, styrkleika starfseminnar og veikleika. Einn hópinn skipuðu forystumenn um málefni fatlaðra á Akureyri, forsvarsmenn dagþjónustu fatlaðra og verndaðra vinnustaða. Annan hópinn skipuðu aðstandendur fatlaðra. Rýnihópar eru ólíkir öðrum hópum að því leyti að markmiðið er ekki að leita eftir sammælum eða sameiginlegu álitum heldur að skoða mismunandi viðhorf og reynslu viðmælenda.²

Öll viðtöl voru hálfstöðluð, búinn var til spurningarammi fyrir hvert viðtal og unnið út frá honum. Í öllum viðtölum, við einstaklinga og rýnihópa, voru athugendur tveir saman. Stjórnandi stýrði viðtölunum og spurði spurninga meðan athugandi fylgdist með viðbrögðum viðmælenda og skráði hjá sér. Öll viðtölin voru tekin upp og unnið úr þeim og athugasemdum spyrjenda. Viðtalsrammarnir áttu margt sameiginlegt enda leitað upplýsinga með það fyrir augum að svara matsspurningum á sem skýrastan hátt.

¹ Helga Jónsdóttir (2003).

² Sóley S. Bender (2003).

3. Fjölmennt – Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Fjölmennt – Fullorðinsfræðsla fatlaðra var stofnuð árið 2002 þegar Fullorðinsfræðsla fatlaðra sem starfrækt var af menntamálaráðuneytinu var lögð niður. Fjölmennt er sjálfseignarstofnun sem starfar á grundvelli þjónustusamnings á milli Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands annars vegar og hins vegar menntamálaráðuneytis fyrir hönd ríkisins. Fjölmennt er með starfsstöðvar í Reykjavík, á Akureyri og á Selfossi auk þess sem stofnunin hefur haft forgöngu um námskeiðahald víðar um land.

Á vefsíðu Fjölmenntar má finna stefnuskrá stofnunarinnar. Þar segir m.a. að hlutverk Fjölmenntar byggist á markmiðsgrein skipulagsskrár (3. gr.)³ þar sem segir:

Markmið Fullorðinsfræðslu fatlaðra er að skipuleggja námskeið fyrir fullorðið fatlað fólk sem ekki á kost á starfsþjálfun og símenntun hjá öðrum símenntunaraðilum. Nám og kennsla Fullorðinsfræðslu fatlaðra hefur að markmiði að auka sjálfstæði, öryggi og vellíðan nemenda m.a. með því að

- efla starfshæfni fatlaðra í atvinnulífi
- bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á fjölþætту sviði
- veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun fatlaðra og starfsþjálfun þeirra
- stuðla að auknu framboði á símenntun fyrir fatlaða og miðla því til almennings og atvinnulífs. Hér er átt við jafnt formlega og óformlega menntun, starfsmenntun, tómstundanám
- nám í lífsleikni og bóknám
- fylgjast með og nýta bestu fánlegu kennslutækni fyrir fatlaða
- hafa samstarf við aðra aðila er sinna símenntun á Íslandi
- kynna fyrirtækjum símenntunartilboð fatlaðra
- bjóða nemendum Fullorðinsfræðslunnar upp á starfs- og námsráðgjöf.

Jafnframt er vísað til markmiðsgreinar gildandi laga um málefni fatlaðra svo og alþjóðlegra samþykktá, svo sem Grunnviðmiða Sameinuðu þjóðanna og Salamanca-yfirlýsingarinnar (einkum gr. 56 og 57)⁴ þar sem segir m.a.:

...Styðja ber nemendur til áframhaldandi náms ef nokkur tók eru á og til starfsþjálfunar sem býr þá undir að standa á eigin fótum og leggja sitt af mörkum til samfélagsins þegar skólagöngu lýkur. Starfsráðgjafar, vinnumiðlanir, verkalýðsfélög, sveitarfélög og allar stofnanir sem málið varðar, þurfa að koma með virkum hætti að þessum undirbúningi.

Við skipulagningu og starfrækslu námsbrauta á vettvangi fullorðinsfræðslu og endurmenntunar ber að hyggja sérstaklega að fötluðu fólk. Það skal hafa aðgang að námi umfram aðra og jafnframt séu skipulögð sérstök námskeið sem hæfa þörfum og aðstæðum mismunandi hópa fatlaðs fullorðins fólks.

Í stefnuskrá Fjölmenntar segir að stofnunin sé „miðstöð símenntunar sem þjónar fötluðu fólk 20 ára og eldri.“ Stofnunin „býður fjölþætta símenntun og ráðgjöf í þeim tilgangi að auka lífsgæði og almenna lífsleikni,“ eins og segir í stefnuskránni. Þar segir enn fremur um hlutverkið:

Fjölmennt tryggir þeim einstaklingum sem ekki eiga kost á sambærilegri þjónustu á öðrum vettvangi forgang að þjónustu. Fjölmennt kemur ekki í stað annarra stofnana né tekur á sig þær skyldur sem á þeim hvíla.

³ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (2002).

⁴ Menntamálaráðuneytið (1995).

Í stefnuskránni er kveðið á um megingildi Fjölmenntar. Þau eru tilgreind í sjö liðum: jafnræði, samskiptan, virðing, fjölbreytni, fullgild þátttaka, metnaður og framþróun. Í þessum sjö megingildum er áhersla lögð á að fatlað fólk fái alla þá fræðslu, ráðgjöf og stuðning sem getur talist sambærileg við það sem þykir sjálfsgagt og nauðsynlegt að fólk fái almennt og starfsemin sé skipulögð í nánnum tengslum og samstarfi við aðra skylda starfsemi á vettvangi fullorðinsfræðslu.

3.1. Símenntun

Í stefnuskrá segir að Fjölmennt sé „miðstöð símenntunar sem þjónar fötluðu fólki 20 ára og eldri.“ Símenntun hefur verið í stöðugri sókn á Íslandi á seinustu árum. Ástæðan fyrir því er sögð liggja aðallega í breyttum áherslum í atvinnulífinu með harðnandi alþjóðlegri samkeppni. Gerð er sú krafa á vinnumarkaði að einstaklingar séu vel menntaðir og stöðugt að viðá sér nýrri þekkingu og hagnýtri reynslu. Af þessum sökum tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að efla símenntun á Íslandi. Sett var á laggirnar nefnd á vegum menntamálaráðuneytis til að fjalla um símenntun og skilaði hún álitinu sínu árið 1998. Í kjölfarið fylgdi stofnun fjölda fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um allt land. Á þeim tíu árum sem hafa liðið hefur vegur símenntunar og fullorðinsfræðslu stóraukist. Framboð hvers kyns náms og námskeiða, bæði á háskólastigi sem og á lægri skólastigum, hefur orðið meira og fjölbreyttara en áður var.

Hugtakið símenntun er tiltölulega ungt í íslensku málnotkun en samkvæmt ritmálsskrá *Orðabókar Háskóla Íslands* er orðið fyrst að finna í *Sveitarstjórnarmálum* árið 1980.⁵ Því er ekki óeðlilegt að mismunandi skilningur sé lagður í hugtakið meðan það er að festa sig í sessi en meðal margra virðist merking þess eða inntak vera á reiki þó að orðið virðist í sjálfu sér gagnsætt. Í álitinu nefndar um símenntun⁶ (lifelong learning) er hugtakið skilgreint. Þar segir að símenntun hafi orðið stöðugt fyrirferðarmeiri í umræðum um menntamál. Hugtakið vísi til menntunar sem æviverks. Einstaklingur afli sér þekkingar og færni á yngri árum og sækir nám innan skólakerfisins í grunn-, framhalds- og háskóla. Hann geti gert þetta í einni samfellu eða með hléum, stundað vinnu, farið í nám á ný eða sótt nám jafnhliða starfi. Stór þáttur í símenntun er hvers konar endurmenntun í styttra eða lengra námi, margs konar viðbótarmenntun og tómstundanám.

Í álitinu nefndarinnar segir ennfremur:

Símenntun felur þannig í sér nýtt viðhorf til menntunar, þar sem einstaklingar miða ekki lengur við að ljúka námi í eitt skipti fyrir öll heldur gera ráð fyrir því að menntun sé ferli sem vari allt lífið – frá vöggu til grafar. Símenntun vísar öðru fremur til þessa nýja veruleika og breytir þannig fyrri skilningi okkar á mikilvægi menntunar og felur í sér nýjar leiðir til stöðugar endurnýjunar fyrri þekkingar og öflun nýrrar.

Í þessu ljósi segir menntamálaráðuneytið mikilvægt að fólk tileinki sér þá hugsun að menntun er æviverk sem í reynd stendur yfir frá vöggu til grafar. Nám fer ekki eingöngu fram í skólaflokkum, heldur einnig á vinnustað, í félagsstörfum, í hversdagslífinu og hvarvetna þar sem fólk dregur lærdóm af nýrri reynslu.

Frá útkomu álitis nefndar um símenntun árið 1998 hafa verið stofnaðar símenntunarmiðstöðvar í öllum landshlutum er njóta styrks frá menntamálaráðuneyti. Hlutverk þessara stofnana er að auka aðgengi fólks að margs konar námi og auka með því búsetugæði á sínu svæði. Hafa þær haft til boða fjölbreytt námskeið, s.s.

⁵ *Orðabók Háskóla Íslands – Ritmálsskrá.*

⁶ Menntamálaráðuneytið (1998).

tómstundanámskeið af ýmsu tagi, tungumálanámskeið, tölvunámskeið, menningar- og sagnfræðitengd námskeið auk starfstengdra námskeiða. Þá hafa símenntunarmiðstöðvarnar verið farvegur háskólanáms í gegnum fjarkennslu. Mönnun stöðvanna byggist á verkefnisstjórn og náms- og starfsráðgjöf auk skrifstofufólks en kennarar eru ráðnir til kennslu í stökum námskeiðum. Á Eyjafjarðarsvæðinu var Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) stofnuð árið 2000. Í skipulagsskrá segir að markmið hennar sé:⁷

...að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum starfs- og námsráðgjöf. Í þessu skyni mun Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar m.a.:

- Stuðla að auknu framboði á símenntun í Eyjafirði og miðla því til almennings og atvinnulífs. Þar er átt við formlega og óformlega menntun, starfsmenntun, tómstundanám, nám í lífsleikni og bóknaám.
- Bjóða upp á nám á framhalds- og háskólastigi í Eyjafirði í samstarfi við framhalds- og háskóla.
- Leggja áherslu á samstarf menntastofnana við fyrirtæki, stofnanir og aðila vinnumarkaðarins.
- Fylgjast með og nýta bestu fáanlegu kennslutækni og leggja áherslu á fjarkennslu.
- Hafa samstarf við aðra aðila er sinna símenntun á Íslandi og erlendis.
- Stuðla að auknu samstarfi þeirra sem sinna símenntun í Eyjafirði, annast markaðs- og kynningarmál og samræma starf þeirra.
- Selja ráðgjafþjónustu til fyrirtækja um símenntun í samstarfi við fræðlustofnanir, atvinnuþróunarfélög og/eða aðrar símenntunarstöðvar.
- Bjóða upp á starfs- og námsráðgjöf í samstarfi við starfs- og námsráðgjafa við menntastofnanir í Eyjafirði.

Skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 skal tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífsskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Með stofnun Fjölmenntar var fundin leið til að fella hina eiginlegu símenntun hjá Fullorðinsfræðslu fatlaðra, sem áður starfaði nánast eins og sérskóli ríkis og þjónaði nemendum frá 16 ára aldri, að skilgreiningu símenntunarmiðstöðva og þróa það þjónustutilboð að því sem gildi um símenntun annarra þjóðfélagsþegna. Fjölmennt er því reist á sömu hugmyndafræði og aðrar símenntunarmiðstöðvar hér á landi og stofnaðar voru á grundvelli álits nefndar um símenntun frá 1998. Stefna Fjölmenntar er að skapa fólki með fötlun möguleika til aukinnar þátttöku í lífi og starfi samfélagsins á við aðra þjóðfélagsþegna. Henni á að framfylgja með fjölþættri og heildrænni þjónustu í formi fræðslu, ráðgjafar, stuðnings og félagsstarfa.⁸ Með það að leiðarljósi og hugmyndafræði um fulla samfélagslega þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu hefur stofnunin í auknum mæli reynt að þróa starfsemina í þá átt að styðja fatlað fólk til náms við aðrar símenntunarmiðstöðvar. Slíkt tilboð er kallað *nám með stuðningi*. Fjölmennt tekur auk þess þátt í þróunarverkefni á vegum KHÍ um diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun sem hófst haustið 2007.

⁷ SÍMEY (2000).

⁸ Fjölmennt (e.d.)

3.2. Akureyri tilraunasveitarfélag

Í upphafi árs 1997 tók Akureyrarbær að sér þjónustu við fatlaða skv. lögum nr. 59/1992 með samningi við félagsmálaráðuneytið⁹ um að gerast reynslusveitarfélag um þjónustuna, en hún hafði áður verið á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Hluti af verkefnum Akureyrarbæjar sem tilraunasveitarfélags var rekstur heilsugæslustöðvar sem annars var verkefni ríkisins. Í bænum er rekin hæfingarstöð sem veitir fólki sem fötlunar sinnar vegna þarf sérhæfða og einstaklingsmiðaða þjónustu, léttu vinnu, þjálfun, umönnun og afþreyingu. Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur er verndaður vinnustaður sem hefur til boða föst störf fyrir einstaklinga sem geta ekki eða óska ekki eftir að fara í vinnu á almennum vinnumarkaði en hafa nokkra starfsgetu. Auk þessa er á fjölskyldudeild bæjarins þjónusta við atvinnu með stuðningi (ams). Þjónustan felur í sér víðtækan stuðning við þá sem hafa skerta vinnugetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Stuðningurinn felst í aðstoð við að finna starf við hæfi á almennum vinnumarkaði, þjálfun á vinnustað ásamt eftirfylgd.

Í stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun segir að með samningnum við félagsmálaráðuneytið hafi skapast tækifæri til að færa þjónustu við fólk með fötlun skrefi framur á Akureyri en í þeim sveitarfélögum sem ekki gerðu slíkan samning. Þar segir enn fremur að markmið Akureyrarbæjar sé að vera ávallt í fararbroddi hvað varðar þjónustu við fólk með fötlun.¹⁰

Mikið starf er unnið á vegum bæjarins í þjónustu við fatlaða. Kapp hefur verið lagt á að skapa þeim tækifæri til starfa á hinum almenna vinnumarkaði svo og á vernduðum vinnustöðum. Árangurinn af þessu starfi er m.a. sá að stéttarfélagið Eining – Iðja hefur boðið fötluðum einstaklingum, er starfa á vernduðum vinnustöðum, fullgilda aðild að félaginu, enda greiði þeir félagsgjöld til þess. Um leið hefur þetta skapað þeim möguleika á styrkjum úr endurmenntunarsjóðum félagsins til jafns við aðra sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði.

Á Akureyri eru starfræktar ýmsar þjónustustofnanir undir merkjum bæjarfélagsins sem hafa að markmiði sjálfsstyrkingu þjónustupega og lífsleikni eða tómstundanám af ýmsu tagi. Má þar nefna Menntasmiðju kvenna sem býður ýmis styttri námskeið fyrir almenning og sérvalda hópa. Þau miða öll á einn eða annan hátt að því að auka lífsleikni einstaklinga og að mæta sérþörfum þeirra og hópa sem best, bæði hvað varðar námsefni, umhverfi og kennsluaðferðir. Punkturinn, handverks- og tómstundamiðstöð, er önnur stofnun á vegum bæjarfélagsins sem hefur í boði ýmis konar tómstundanámskeið.

Enda þótt starfsemi þessara stofnana hafi fatlaða ekki sem sérstakan markhóp ætti fátt að vera því til fyrirstöðu að þeir sæktu námskeið bæði í Menntasmiðju kvenna og Punktinn. Þá er óupptalin Starfsendurhæfing Norðurlands (SN) sem er sjálfs-eignarstofnun með sérstaka stjórn. Hún starfar við hlið SÍMEYJAR og er í sama húsnæði. SN hefur það markmið að endurhæfa þátttakendur til vinnu, auka lífsgæði þátttakenda, auka lífsgæði fjölskyldna þeirra og stuðla að atvinnuþátttöku eða áframhaldandi námi. Til að ná þessum markmiðum býður SN upp á námstengda endurhæfingu í samvinnu við menntastofnanir á svæðinu auk náins samstarfs við Svæðisvinnumiðlun og atvinnulífið.

⁹ Akureyrarbær (2003).

¹⁰ Akureyrarbær (2003).

3.3. Fjölmennt á Akureyri

Á Akureyri varð Fjölmennt til úr Hvammslíðarskóla sem var skóli fyrir fatlaða og þjónaði bæði sem grunnskóli og skóli fyrir eldri einstaklinga, þ.m.t. fullorðinsfræðsla. Er sveitarfélög tóku við öllum rekstri grunnskóla árið 1996 fluttist grunnskólahlutinn úr Hvammslíðarskóla í Giljaskóla en eftir voru nemendur á framhaldsskólastigi og fullorðinsfræðsla. Um leið var starfsemin færð undir Fullorðinsfræðslu fatlaðra sem þá starfaði á vegum menntamálaráðuneytis. Með stofnun starfsdeildar við Verkmenntaskólann á Akureyri sköpuðust ný tækifæri fyrir fatlaða á framhaldsnámi enda þótt skólinn hafi ekki haft tækifæri til þess að taka við öllum fötluðum einstaklingum á aldrinum 16–20 ára.

Námstilboði Fjölmenntar á Akureyri er skipt í þrjár deildir, símenntunardeild, endurhæfingardeild og framhaldsdeild. Símenntunardeild er stærsta deildin og er fyrst og fremst hugsuð fyrir þá sem eru með þroskakerðingu af einhverju tagi. Endurhæfingardeildin er hugsuð fyrir þá sem hafa átt við veikindi að stríða, til dæmis langvinna geðsjúkdóma og eins koma þeir sem hafa lent í slysum stundum inn í þá deild. Sumir sem eru í deildinni eru jafnframt í starfsendurhæfingu á Bjargi – Iðjulundi og er þetta þá eins konar samstarfsverkefni stofnananna tveggja. Segja má að framhaldsdeild sé eftirhreytur hins gamla fyrirkomulags, Fullorðinsfræðslu fatlaðra, en áformað er að þeirri starfsemi ljúki nú í vor. Um það verkefni hefur verið gerður sérstakur samningur við menntamálaráðuneyti frá ári til árs. Þrír nemendur stunda þar nám þetta skólaárið og útskrifast tveir þeirra vorið 2008.

Fyrir ári síðan flutti Fjölmennt í nýtt húsnæði að Hvannavöllum 14 á Akureyri. Húsnæðið er mjög rúmgott og býður upp á fjölbætta starfsemi. Kennsla hjá Fjölmennt hefst kl. 8:30 á hverjum morgni og lýkur að öllu jöfnu kl. 17:00. Einstök símenntunarnámskeið hafa þó verið kennd síðar á deginum.

Hátt hlutfall kennslutíma Fjölmenntar á Akureyri er bundið af fastráðningarsamningum kennara sem eru í Kennarasambandi Íslands og taka laun samkvæmt kjarasamningum þess. Tólf starfsmenn, fast- eða lausráðnir, starfa á vegum Fjölmenntar í tæplega 9 stöðugildum. Af þessum 12 starfsmönnum eru 9 kennarar í 50–100% starfshlutfalli (6 í nánast fullu starfi), þar af 4 með kennsluréttindi. Auk þessa starfa við stofnunina 3 stundakennarar.

4. Niðurstöður úttektar

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir upplýsingum er fengust úr gögnum og viðtölum sem tekin voru við einstaklinga. Í fyrstu er gerð grein fyrir gögnum og upplýsingum er varðar starfsemi Fjölmenntar á Akureyri og viðhorf viðmælenda til hennar, síðan verður greint frá námskeiðum og aðsókn að þeim og að síðustu fjallað um þörf nýrra áherslna.

4.1. Starfsemi Fjölmenntar á Akureyri

Meginstyrkleikar í starfsemi Fjölmenntar á Akureyri liggja almennt að mati viðmælenda í jákvæðu viðhorfi til stofnunarinnar frá þeim sem þiggja þjónustu hennar og frá hinu ytra samfélagi svo og jákvæðu samstarfi við aðrar stofnanir sem vinna að málefnum fatlaðra. Húsnæði stofnunarinnar er rúmt og býður upp á ýmsa möguleika til framþróunar starfseminni og þá er stærð samfélagsins á Akureyri og margbreytni ótvíræður styrkleiki. Í því felast ýmis tækifæri til margs konar samvinnu við stofnanir og fyrirtæki af ýmsu tagi og aukinnar fjölbreytni í námsframboði og þjónustu. Mannauður stofnunarinnar er einnig verðmætur en í starfsfólkinu býr mikil reynsla og þekking sem mikilvægt er að nýtt sé á sem hagfelldastan hátt fyrir markhóp stofnunarinnar. Góðir starfsmenn Fjölmenntar hafa náð að skapa ómetanlegt samband við einstaklinga sem erfitt er að missa.

Atriði sem tilgreind voru sem veikleikar Fjölmenntar í viðtölunum voru ólík eftir því við hverja var rætt. Þau sjónarmið komu fram að þrátt fyrir styrkleikann í mannauði starfsmanna taki námskeiðstilboð einkum mið af hvað starfsmenn geta boðið frekar en t.d. fjölbreytilegum þörfum einstaklinganna. Þá væru í boði sömu eða sams konar námskeið ár eftir ár. Einnig komu fram atriði um að starfsemin sé bundin ákveðinni skólahugsun sem birtist í fyrirkomulagi kennslu og skipulagi stofnunarinnar. Ákveðið gap sé á milli hugmyndafræðinnar sem birtist í stefnuskrá Fjölmenntar og framkvæmdinni á Akureyri. Stofnunin sé niðurnjörvuð það þurfi „að skrúfa í sundur og búa til meiri sveigjanleika.“ Þetta var hins vegar ekki upplifun starfsfólks sem taldi sig hafa sýnt mikinn sveigjanleika og „tekið að sér hvað sem er og hvenær sem er.“ Ráðningarform starfsmanna var talið meðal veikleika stofnunarinnar. Byggja þurfi í meira mæli á verkefnaráðningu fólks til að kenna á námskeiðum og blanda þannig reynslu sem fyrir er og nýjum viðfangsefnum. Þá lýstu viðmælendur óánægju með að námskeið væru felld niður vegna veikinda starfsfólks eða annarra forfalla án þess að skjólstæðingar Fjölmenntar fengju það bætt. Þessi sjónarmið komu einkum frá forstöðumönnum dagvistarstofnana og hæfingarstöðvar en síður frá aðstandendum sem ekki virtust hafa af þessum vanda miklar áhyggjur, vildu a.m.k. ekki mikið mál úr því gera.

Í viðtali við starfsfólk skólans var kvartað yfir stefnuleysi í starfsemi Fjölmenntar. Af orðum þess virðist mega ráða að koma þarf á skýrari reglum um samskipti innan Fjölmenntar varðandi fjármálalega umsýslu og afmarka skarpar stöðu deildarstjóra þó að ýmsar jákvæðar breytingar hafi verið gerðar eftir að nýr framkvæmdastjóri tók til starfa. Í ráðningarsamningi deildarstjóra á öllum starfsstöðvum Fjölmenntar, Reykjavík, Akureyri og á Selfossi, er gert ráð fyrir að deildarstjóri hafi fullan umráðarétt yfir ákveðnum reikningi til afnota fyrir starfsemina á viðkomandi starfsstöð. Allt sem tengist húsnæði, launum starfsmanna og innkaupum á stærri tækjakosti skal hins vegar gert í samráði við framkvæmdastjóra sem annast greiðslu kostnaðar. Síðastliðin tvö ár hefur ekki verið gerð fjárhagsáætlun fyrir starfsemi

deildarinnar á Akureyri og ekki óskað eftir því að deildarstjóri annist gerð slíkrar áætlunar.

Þegar rýnt er í niðurstöður úr viðtölum má sjá að starfsemi Fjölmenntar á Akureyri virðist að mörgu leyti ekki hafa aðlagð sig nýjum aðstæðum né stefnu og skipulagsskrá Fjölmenntar þar sem segir að stofnunin sé „miðstöð símenntunar sem sér um að skipuleggja námskeið fyrir fullorðið fatlað fólk sem ekki á kost á starfsþjálfun og símenntun hjá öðrum símenntunaraðilum.“ Skipulag starfseminnar fellur að hefðbundnu skólaskipulagi fremur en að starfsemi símenntunarstofnunar þar sem meginstarfsemin fer fram kl. 8:30–17:00. Námi og kennslu á einstöku námskeiðum hefur í miklum mæli verið deilt út á heilan vetur með möguleika á breytingum um áramót. Því verða vikulegir kennslutímar í hverju námskeiði tiltölulega fáir. Inntaka hefur ekki verið í desember eins og gert er í starfsdeild Fjölmenntar í Reykjavík. Sterk einkenni hefðbundinnar skólafestunar svífur yfir vötnum og í viðtölum var oft talað um „skólann“ þegar vísað var til Fjölmenntar á Akureyri. Í námskrám má einnig sjá hina skólalegu ásýnd Fjölmenntar þar sem starfsárið tekur mið af skólaárinu og „nemendur“ eru boðaðir til að sækja „stundaskrár“ í ágústlok.

Að mati viðmælanda er þetta arfur af gamalli hefð og þess gætir að fólk lítur á þjónustuna sem vistunartilboð eða afþreyingu og vill með því geta fyllt upp í eyður í dagsprógrammi hinna fötluðu og myndað sem mesta samfellu í þjónustunni. Í viðtölum við forstöðumenn sambýla og hæfingarmiðstöðvar kom fram að þeir töldu að Fjölmennt vísaði frá sér þáttum er varða afþreyingu, léttu iðju, föndur og fleira en ástæða væri til að hafa námskeiðstilboð af því tagi ekki síður en önnur námskeið. Að mati deildarstjóra Fjölmenntar er þrýst á að bjóða námskeið á morgnana til að léttu álagi af sambýlum. Deildarstjóri Búsetudeildar Akureyrarbæjar tók fram í viðtali að deildin ýtti á engan hátt undir það að Fjölmennt væri með tilboð um afþreyingu eða hæfingu til að léttu álagi af sambýlum eða dagvistarstofnunum sem rekin eru af hálfu bæjarins. Hins vegar eru það forstöðumenn dagvistarstofnananna sem gjarna sækja um námskeið fyrir skjólstæðinga sína, og verið getur að í einhverjum tilfellum mótist umsóknir þeirra af því hvernig aðstæður eru til að þjónusta einstaklingana í dagvistinni.

Kennsla hjá Fjölmennt á Akureyri skiptist eins og áður er greint frá í þrjár deildir, símenntunardeild, endurhæfingardeild og framhaldsdeild. Í símenntunardeild eru námskeiðstilboð fyrir þá sem hafa þroskaskerðingu af einhverju tagi og er það stærsti þjónustuhópurinn. Framhaldsdeildin er fyrir sambærilegan hóp á framhaldsskólastigi. Þriðja deildin er endurhæfingardeild fyrir þá sem ekki eiga endilega við þroskaskerðingu að etja heldur búa við fötlun af öðru tagi, s.s. geðfötlun, hrörmun af einhverju tagi eða afleiðingar af völdum slysa. Aðsókn að þessari deild hefur dregist saman og á þessu ári eru einungis þrjú námskeið í boði en voru sex til átta árin á undan. Í viðtölum kom fram að þessi hópur fólks ætti ekki samleið með hinum stóra þjónustuhópi stofnunarinnar. Það væri jafnframt í andstöðu við þá meginviðleitni að aðlaga þjónustu við fatlaða að hinni almennu þjónustu samfélagsins. Vandinn við slíka blöndun væri hins vegar óttinn við að umgjörðin um þjónustuna við markhóp Fjölmenntar trosnaði og umhyggja fyrir einstaklingunum sem ríkti í starfseminni glataðist.

Í viðtölum kom fram mikilvægi þess að framboð námskeiða á vegum Fjölmenntar væri fjölbreytt svo einstaklingar sem þangað leituðu eftir fræðslu fyndu viðfangsefni við sitt hæfi. Nefnt var að verið gæti að starfsmannahald og ráðningarkjör starfsfólks ynnu gegn nauðsynlegri fjölbreytni í námskeiðum. Í rýnihópi forstöðumanna sambýla og hæfingarstöðvar kom fram að fastráðningar starfsfólks gætu stuðlað að stöðugleika

og ekki megi gleyma því að starfsmenn Fjölmenntar hafa náð að skapa ómetanlegt samband við einstaklinga. Viss stöðugleiki sé mikilvægur. Hins vegar töldu þeir að það gæti skapað meiri „dynamík“ í starfseminu og aukið fjölbreytni ef meira væri byggt á verkefnaráðningum. Í samtali við framkvæmdastjóra Fjölmenntar kom fram að í deildinni á Akureyri væri hærra hlutfall starfsmanna með fastráðningu en í öðrum starfsdeildum. Fastráðningar eru álíka miklar á Selfossi og Akureyri, heldur færri í Reykjavík. Ekki hefur verið mikið um verkefnaráðningu fólks til kennslu á styttri námskeiðum í Akureyrardeild en það er gert á öðrum starfsdeildum Fjölmenntar. Þessi möguleiki hefur ekki verið nýttur þar sem allri kennslu hefur verið úthlutað að hausti. Annars staðar hefur nokkrum tímum verið haldið eftir til að koma til móts við þannig námstilboð. Kvað framkvæmdastjóri hátt hlutfalla fastráðninga hamlandi og þær kæmu í veg fyrir þróun og fjölbæfni í starfseminni en væri litið til starfsöryggis gegndi auðvitað öðru máli. Þá sagði hann að auðveldara væri að þróa starfsemi Fjölmenntar ef starfsmenn væru ekki bundnir á klafa kjarasamninga KÍ. Það sjónarmið kom hins vegar fram hjá starfsfólki að fastráðningar væri arfur frá fyrri tíma. Þær væru hins vegar mikilvægar vegna þess að hópurnir sem þjónustunnar nýtur er viðkvæmur. Mikilvægt sé að mynda góð tengsl við viðskiptavinum stofnunarinnar og því ekki gott að skipta oft um starfsfólk. Þó að flestir viðmælenda í hópi starfsfólks væru þeirrar skoðunar að kjarasamningar kennara þyrftu ekki að draga úr sveigjanleika kom gagnstætt sjónarmið einnig fram. Kjarasamningarnir tækju mið af skólaári og skipulag vinnutíma væri sett upp í samræmi við það. Ástæða gæti verið til að bjóða upp á námskeið á sumarmisseri og hugsanlega mætti hafa annað form á námskeiðstímum en hefðbundið stundaskrárform.

Að mati framkvæmdastjóra er bæði mannaúður og þekking á Akureyri sem getur nýst til aukinnar fjölbreytni í námskeiðahaldi á vegum Fjölmenntar, s.s. iðjuþjálfar og þroskaþjálfar, kennarar, sjúkrapjálfarar og listafólk. Þróa megi aukið samstarf við ýmsa aðila til að auka fjölbreytni í námskeiðstilboðum fyrir fatlaða og stuðla að frekari blöndun þeirra í samfélaginu. Í því sambandi var bent á SÍMEY, VMA, Tónlistarskólann, Myndlistaskólann auk Háskólans á Akureyri. Í viðtali við deildarstjóra Fjölmenntar kom fram að verkefnaráðningar kennara á námskeið á vegum stofnunarinnar myndu spara fé og auka svigrúm til að bjóða frekari þjónustu og fjölbreyttari námskeið.

4.2. Aðsókn að námskeiðum

Hjá Fjölmennt í Reykjavík hefur ekki verið hægt að koma til móts við allar umsóknir í námskeið og þurft að vísa 20–30 frá á hverri önn. Fjölmennt í Reykjavík hefur brugðist við fjölgun umsókna með því að skerða það námstilboð sem hver einstaklingur fær. Nú er svo komið að rúmlega 60% þátttakenda fá einungis eitt námskeið. Hvert námskeið er á bilinu 1–4 kennslustundir á viku. Stofnunin býr einnig við þann veruleika að það unga fólk sem á ári hverju útskrifast úr framhaldsskóla er gjarnan atvinnulaust langtímum saman og um önnur menntunarræði var ekki að ræða fyrr en þróunarverkefni í KHÍ hófst síðastliðið haust. Margir hafa því ekki haft að neinu að hverfa að loknum framhaldsskóla.

Raunveruleikinn er annar á Akureyri. Síðastliðin fjögur ár hefur dregið úr þátttöku á námskeiðum Fjölmenntar á Akureyri öndvert við þá þróun sem á sér stað bæði í Reykjavík og á Selfossi. Samkvæmt ársskýrslum Fjölmenntar voru þátttakendurnir árið 2003 98, árið 2006 var talan komin niður í 75 en haustið 2007 voru innritaðir 76 þátttakendur á námskeið deildarinnar. Yngra fólk sem útskrifast úr starfsbraut VMA virðist ekki sækja námskeið hjá Fjölmennt nema í undantekningartilfellum. Sú

útskýring hefur verið gefin að atvinnumál ungs fatlaðs fólks séu í góðum farvegi á Akureyri og flestir nemendur starfsbrautar sem útskrifist úr VMA fái fulla atvinnu að námi loknu. Þeir sækja þar af leiðandi ekki námskeið til Fjölmenntar. Önnur skýring getur verið sú að huga þurfi betur að því að bjóða upp á námskeið sem henta þessum aldurshópi og hann geti átt félagslegt samneyti við jafningja í aldri en blandist ekki endilega sér mikið eldri einstaklingum. Nemendur af starfsbraut VMA virðast hafa þá ímynd af Fjölmennt að þar séu aðeins þeir sem eru mest fatlaðir og jafnvel eldri borgarar. Þetta er mikilvægt því tvítugu fólki finnst ekki endilega spennandi að taka þátt þar sem hópur eldri borgara er fyrir eða hópur sem er búinn að vera lengi inni á stofnunum. Þá var það skoðun nokkurra viðmælenda að eftir fjögurra ára nám í VMA væru viðkomandi vanir því að vera í almennum skóla innan um aðra nemendur og vildu því síður sækja námskeið hjá stofnun sem einkum miðar að þjónustu við fatlaða, finnst það skref til baka. Mikilvægt sé í þessu sambandi að leita að námskeiðsmöguleikum annars staðar en í símenntunardeild Fjölmenntar. Í þriðja lagi kom fram það viðhorf í flestum rýnihópum að gera þurfi mun meira til að kynna námskeið Fjölmenntar og starfsemina í heild. Gagnrýnt var að á liðnu hausti hafi kynningin verið afar lítil og veruleg afturför hefði orðið í útgáfu á námskrá þar sem námskeiðsframboðið er kynnt. Mikilvægt sé að hafa í huga að alltaf þurfi að markaðssetja námskeiðstilboðin. Þá kom fram að ástæða sé til að Fjölmennt hafi á sínum snærum námsráðgjafa og geti veitt ráðgjöf eins og kveðið er á um í skipulagsskrá stofnunarinnar.

Námskeiðstilboð hafa ekki tekið miklum breytingum undanfarin ár og ekki hafa verið gerðar tilraunir með samstarf við aðrar menntastofnanir um námskeiðahald á sama hátt og vilji er til í stefnumörkun stjórnar Fjölmenntar. „Dóttir mín sem er 31 árs er búin að fá hundleið á þessum skóla. Hún bara nennir því ekki,“ sagði aðstandandi er rætt var um námskeið Fjölmenntar. Að mati aðstandenda þarf að stokka námsframboðið upp og gera það meira aðlaðandi. Námskeiðin séu eins ár eftir ár, sama „rútinan“ og einstaklingurinn fari alltaf í það sama. Sú skoðun kom fram að ef til vill taki námskeiðstilboðið of mikið mið af því hvað fastráðnir starfsmenn geta boðið fremur en áhugasviði eða þörfum skjólstaðinganna. Þá kom fram ósk um fleiri námskeið eftir kl. 16:00 á daginn þegar hefðbundnum vinnudegi er lokið hjá markhópi stofnunarinnar. Þunginn í starfi deildarinnar er á morgnana og fjarar svo út þegar líður á daginn. Þetta merkir ekki að færa eigi alla starfsemina aftar á daginn, hins vegar má gera starfsemina nútímalegri og koma til móts við breiðari hóp með því að hafa til boða námskeið af ýmsu tagi síðdegis.

Þegar litið er yfir námstilboð Fjölmenntar á Akureyri síðustu þriggja ára má greina ákveðna kyrrstöðu. Veturinn 2005–2006 var boðið upp á 20 námskeið í símenntunardeild. Í námskrá 2006–2007 voru breytingar frá framboði fyrra skólaárs sagðar nokkrar. Þegar námskráin er skoðuð kemur í ljós að námskeiðum fjölgar um tvö, að öðru leyti eru þau öll hin sömu að því undanskildu að námskeiðslýsing á sjálfstyrkingu er aðeins breytt. Eitt nýtt námskeið var í boði þetta ár. Veturinn 2007–2008 verður nokkur breyting á. Fjöldi námskeiða er svipaður en nú koma inn 9 ný námskeið en 12 þeirra hin sömu og fyrri ár. Í endurhæfingardeild eru til boða 14 námskeið 2005–2006 en 15 ári síðar og flest þau sömu. Veturinn 2007–2008 eru tilboðin hins vegar skorin verulega niður og einungis þrjú námskeið til boða: enska, myndlist og tölvur og netið.

Fjölþætt þjónusta er á Akureyri umfram marga aðra staði og það að mála-flokkurinn er nú hjá Akureyrarbæ hefur aukið þjónustu við fatlaða og hún er fjölbreyttari en fyrr að mati margra viðmælenda. Margir fatlaðir eru í atvinnu með stuðningi og þeir hafa aðgang að verkalýðsfélagi og geta þar sótt styrki til

símenntunar. Þetta er skref fram á við og ein gildra skýringa á minni aðsókn í námskeið Fjölmenntar en fyrr, námskeið sem flest eru haldin á venjulegum vinnutíma.

4.3. Þörf nýrra áherslna

Að mati framkvæmdastjóra Fjölmenntar virðist deildin á Akureyri vera einangruð stofnun í samfélaginu sem ekki hefur þróast í takt við það sem gerst hefur í Reykjavík. Þar hefur verið leitað húsnæðis hjá ýmsum stofnunum til námskeiðahalds jafnframt því að leita eftir námskeiðum hjá t.d. Tölvuskólanum og Skáksambandi Íslands. Litið er svo á að það sé skref í átt til blöndunar og standi nær þeirri hugmyndafræði sem nú ríkir í málaflokki fatlaðra. Kyrrstætt námskeiðshald ber keim af dagvistun sem hefur vissulega sína kosti en leita þarf fleiri og fjölbreyttari leiða að mati framkvæmdastjórans.

Á síðasta hausti hóf hópur fólks með þroskahömlun 30 eininga starfstengt diplómunám við Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við Fjölmennt. Þetta er tilraunaverkefni sem byggir á skýrum árangurstengdum markmiðum og vel skilgreindum kröfum. Námið veitir ekki háskólagráðu heldur viðurkenningu. Það er skipulagt út frá þörfum og möguleikum nemendanna og frá upphafi var haft að leiðarljósi að þróa starfstengda námsleið fyrir fólk með þroskahömlun sem geti brúað bilið milli framhaldsskóla og atvinnulífs. Sérstök áhersla er lögð á að námið gefi nemendum aukna möguleika til atvinnutækifæra. Ýmsar forsendur ættu að vera til staðar að þróa námsframboð af þessu tagi við Háskólann á Akureyri því í bænum er til orðin umtalsverð þekking á málefnum fatlaðra og við skólann er til boða nám er lýtur að þjónustu við fatlaða. Hefur skólameistari VMA nefnt það að koma beri slíku námstilboði upp við HA og sér fyrir sér að það geti verið framhald fyrir tiltekinn hóp nema úr starfsbraut VMA.

Í mörgum viðtölum kom glögglega fram að þörf er á nýjum áherslum þegar framhaldsdeildin færir frá Fjölmennt. Miklar væntingar eru til námskeiða er varða lífsleikni, s.s. ýmis sjálfsstyrkingar- og félagsfærinnámskeið, námskeið í matreiðslu, umhirðu og öðrum athöfnum daglegs lífs, undirbúningsnámskeið fyrir bílpróf, námskeið um réttindi og skyldur á vinnustað. Mikið var talað um greiðara upplýsingaflæði frá Fjölmennt til skjólstæðinga. Þörf sé fyrir námsráðgjafa eða sérkennara til hliðar við deildarstjóra sem hafi það að verkefni að ráðleggja viðskiptavinum Fjölmenntar um val námskeiða og jafnvel að setja saman tvö eða fleiri námskeið í tiltekna námskeiðspakka.

Í öllum viðtölunum kom fram sú skoðun að til álita komi að fella starfsemi Fjölmenntar að starfsemi SÍMEYJAR á þann máta að SÍMEY taki að sér námskeiðshald fyrir hönd Fjölmenntar. Starfsendurhæfing Norðurlands starfar við hlið SÍMEYJAR og er þjónustutilboð til ákveðins markhóps sem Fjölmennt höfðar til. Mikilvægt sé að hlúa að því að almenna þjónustan henti öllum. SÍMEY geti unnið gegn „neikvæðri“ blöndun sem ákveðin hætta sé á að felist í starfsemi Fjölmenntar og stuðlað að aukinni „jákvæðri“ blöndun. Þróa þurfi starfsemi Fjölmenntar í átt að hinu almenna.

Af viðtölum virðist mega ráða að koma þurfi á skýrari reglum um samskipti innan Fjölmenntar varðandi fjármálalega umsýslu og afmarka þurfi skarpar stöðu deildarstjóra þó að ýmsar jákvæðar breytingar hafi verið gerðar eftir að nýr framkvæmdastjóri tók til starfa. Síðastliðin tvö ár hefur ekki verið gerð fjárhagsáætlun fyrir starfsemi deildarinnar á Akureyri og ekki óskað eftir því að deildarstjóri vinni að gerð slíkrar áætlunar. Í viðtali við framkvæmdastjóra kom fram að niðurskurður og aðhald í rekstri hafi verið meiri í öðrum deildum Fjölmenntar en á Akureyri. Að hans mati þarf starfsemi af því tagi sem Fjölmennt rekur sífellt meira fé og kvaðst hann vita

að miklar væntingar hafi verið gerðar til þess að nýtt húsnæði við Hvannavelli verði vel búið. Hins vegar hafi ekki verið skorið niður fé til kennslu í deildinni á Akureyri þó að starfsmenn hafi á tilfinningunni að stofnunin búi við svo mikið fjárhagslegt svelti að ekki sé hægt að gera neitt.

5. Samantekt og tillögur

Markmið úttektarinnar var þríþætt. Í fyrsta lagi að leggja mat á starfsemi Fjölmenntar Akureyri og meta að hve miklu leyti stofnunin uppfyllir stefnumið sín. Í öðru lagi að leita svara við því hver þörfin er á starfssvæðinu fyrir símenntunartilboð fyrir fatlaða og hvernig stofnunin uppfyllir þær þarfir. Í þriðja og síðasta lagi að leita svara við slakari aðsókn að námskeiðum Fjölmenntar á Akureyri en á öðrum starfssvæðum og hvort þörf sé á að skilgreina símenntun fatlaðra með öðrum hætti en ófatlaðra.

Í stefnu Fjölmenntar segir að stofnunin bjóði fjölbætta símenntun og ráðgjöf í þeim tilgangi að auka lífsgæði og almenna lífsleikni. Niðurstöður úttektarinnar benda til að enn sé nokkuð í land að deildin á Akureyri uppfylli þau markmið sem birtast í stefnu Fjölmenntar. Svo virðist sem Fjölmennt hafi ekki tekist að kynna stefnuna nægilega vel starfsfólki og þeim sem þjónustunnar njóta. Það vekur spurningar um hvort og að hve miklu leyti stefna Fjölmenntar og skipulagsskrá hefur verið rædd í starfsmannahópnum og hvaða frumkvæði forystumenn stofnunarinnar hafa haft um slíka umræðu. Form starfseminnar tekur í meira mæli mið af skólafstarfsemi fremur en símenntun. Skólaformið er bundnara af skipulagi sem ekki hentar símenntuninni og gerir erfiðara um vik að bjóða upp á fjölbreytni í námsframboði. Það form og sú hugsun sem felst í skólaforminu skapar hættu á ákveðinni stöðnun og íhaldssemi í framboði námskeiða í stað framsækni og fjölbreytni.

Í stefnu Fjölmenntar segir um samskipan að „leitast verði við að skipuleggja starfsemina þannig að hún verði í nánnum tengslum og samstarfi við aðra skylda starfsemi á vettvangi fullorðinsfræðslu.“ Margt bendir til þess að ekki sé aðeins æskilegt að tengja starfsemi Fjölmenntar betur við aðra sambærilega eða skylda starfsemi heldur sé fýsilegt að fella starfsemina undir Símenntunarstofnun Eyjafjarðar (SÍMEY). Stofnanirnar hafa sams konar meginmarkmið að leiðarljósi og starfsemi þeirra skarast þar sem hluti markhóps Fjölmenntar er í verkalýðsfélögum sem eiga aðild að SÍMEY. Ekki verður annað séð en að skilgreina megi starf deildarstjóra hjá SÍMEY auk þess sem samskipan Fjölmenntar og SÍMEYJAR gæfi m.a. tækifæri til að samnýta námsráðgjöf sem þegar er veitt fyrir þjónustuþega Fjölmenntar jafnt og annarra sem til SÍMEYJAR leita. Hjá SÍMEY er margvísleg og fjölbreytt starfsemi sem teygir anga sína víða og hefur svipmót sem æskilegt er að Fjölmennt taki mið af. Ef hlutverk Fjölmenntar er vel skilgreint og greint á milli þátta í starfseminni sem eiga heima þar eða ekki myndi það auðvelda ákvarðanir um skipulag starfseminnar og tryggja henni og þjónustuþegum gott öryggi ef hún yrði felld undir starfsemi SÍMEYJAR. Þá má einnig benda á að Fjölmennt getur sótt fræðslutilboð fyrir fatlaða til annarra stofnana. Þá er gert ráð fyrir því í skipulagsskrá að Fjölmennt skuli bjóða nemendum upp á starfs- og námsráðgjöf en mikilvægt er að efla þá starfsemi til að vinna að aukinni samskipan og fjölbreytni þjónustuþegum til handa.

Almenn ánægja er með starfsemi Fjölmenntar á Akureyri sem er hluti af háu þjónustustigi við fatlaða á Akureyri. Mikill vilji er til að efla starfsemina á staðnum en til þess að svo megi verða þurfa að verða ákveðnar viðhorfsbreytingar. Staðreyndin sú að mörg námskeið hafa verið í boði hjá Fjölmennt en hins vegar hefur aðsókn að þeim dvínað. Nokkrar ástæður liggja að baki því svo sem meiri möguleikar á tilboðum utan Fjölmenntar og aukinni atvinnuþátttöku markhópsins. Það er jákvæð þróun sem ber að fagna. Hins vegar er margt sem bendir til þess að námskeiðstilboðið sé einhæft og tilbreytingalítið, það sé í boði á tímum sem ekki henta markhópnum nægilega vel, ekki vel kynnt og ekki nægilega í takt við þarfir t.d. yngra fólks í markhópnum. Þar má bæta úr með ýmsum hætti. Eftirfarandi tillögur eru hér settar fram í því skyni.

- Fjölmennt vinni að því að greina þarfir markhóps og skipuleggja námskeið í ljósi niðurstaðna.
- Fjölmennt kynni þjónustupegum og aðstandendum, samstarfsaðilum og öðrum sem tengjast stofnuninni vel, starfsemi sína með kynningarbæklingum og kynningarfundum. Fjölmennt ætti að veita upplýsingar til þeirra sem þjónustan snertir með skipulögðum og reglulegum hætti, t.d. með því að koma á póstlista.
- Fjölmennt vinni betur að ráðgjöf til einstaklinga og aðstoði þá við að greina þarfir sínar og finna námstilboð við hæfi, innan eða utan Fjölmenntar. Ráðgjöfin gæti leitt í ljós þarfir sem þyrfti að mæta með námskeiðstilboði.
- Fjölmennt greini þarfir yngra fólks sem ekki sækir í þjónustuna og nái þannig til þess með tilboðum sem hæfir hópnum vel.
- Fjölmennt byggi starfið í minna mæli á föstum starfskrafti en leiti í meira mæli til einstaklinga sem geta veitt skilgreinda þjónustu. Það getur tryggt starfinu meiri sveigjanleika og fjölbreytni.
- Námskeið verði ekki bundin við annaskiptingu haust og vor eins og hefðbundið skólastarf heldur sé tímafjöldi hvers námskeiðs kynntur og kennslutímabil eins og tíðkast hjá símenntunarstofnunum. Þannig má hugsa sér að námskeið sé kennt á einum mánuði með fleiri vikutímum og nemendur geti sótt annað námskeið að því loknu eða jafnvel gert hlé og komið aftur á námskeið síðar. Með þessu móti er hægt að auka fjölbreytni í námsframboði og auka tilbreytingu fyrir þjónustupega.
- Huga ber að því að auka fjölbreytni í framboði náms með því að hafa til boða námskeiðspakka (t.d. starfstengt nám) þar sem nokkur námskeið mynda saman eina heild að tilteknu markmiði og lýkur með viðurkenningu um tiltekin lok.
- Auka þarf áherslu á hvers konar lífsleikninámskeið á vegum Fjölmenntar á Akureyri. Stutt námskeið af því tagi geta verið afar áhugaverð og haft í för með sér mikinn fjölbreytileika í námsframboði.
- Kannaðir verði möguleikar á að koma á starfstengdu diplómanámi við Háskólann á Akureyri sambærilegu því sem til boða er í KHÍ í samstarfi við Fjölmennt.

Að lokum er mikilvægt að endurskoða stjórnskipulega stöðu starfsdeildar Fjölmenntar á Akureyri. Koma þarf skýrari verkaskilum þannig að ljóst sé hver verkaskilin eru á milli yfirstjórnar og deildar. Afmarka þarf skýrar starf og hlutverk deildarstjóra og honum fengið aukið fjárhagslegt sjálfstæði í ljósi fjárhagsáætlunar sem gerð verði fyrir deildina á ári hverju.

6. Heimildir

Akureyrarbær (2003). *Stefna Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun. Framtíðarsýn til ársins 2013 og leiðir til árangurs*. Sótt 04.05.2008 frá

http://www.akureyri.is/media/vefmyndir/akureyri/pdf/Stefna_Ak_i_busetumalum_folks_med_fotlun_juni_03.pdf

Akureyrarbær (2003). *Stefna Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun. Framtíðarsýn til ársins 2013 og leiðir til árangurs*. Sótt 04.05.2008 frá

http://www.akureyri.is/media/vefmyndir/akureyri/pdf/Stefna_Ak_i_busetumalum_folks_med_fotlun_juni_03.pdf

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (2002). *Skipulagsskrá fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra*. Reykjavík: Höfundur.

Fjölmennt (e.d.) *Stefnuskrá Fjölmenntar*. Sótt 04.05.2008 frá

<http://www.fjolmennt.is/um%5Ffjolmennt/stefna/>

Helga Jónsdóttir (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í *Handbók í aðferðafræði og rannsóknunum í heilbrigðisvísindum* (ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson), bls. 67–84. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Menntamálaráðuneytið (1995). *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. Keneva Kunz (þýð.). Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið (1998). *Símenntun, afl á nýrri öld*. Álit nefndar um símenntun. Reykjavík: Höfundur.

Orðabók Háskóla Íslands – Ritmálsskrá. Sótt 4. maí 2008 frá <http://lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal/leitord.cgi?adg=daemi&n=482380&s=507836&l=s%EDmenntun>

SÍMEY (2000). *Skipulagsskrá*. Sótt 6.05.2008 frá <http://www.simey.is/?mod=sidur&mod2=view&id=5>

Sóley S. Bender (2003). Rýnihópar. Í *Handbók í aðferðafræði og rannsóknunum í heilbrigðisvísindum* (ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson), bls. 85–99. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.